



Myndin er af hópi fagháskólanema og kennara eftir útskriftarathöfn 14. júní 2025.

Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu Þróunarverkefni 2023-2025 styrkt af Samstarfssjóði háskóla Skýrsla um meginniðurstöður



Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu 2023-2025. Þróunarverkefni styrkt af Samstarfssjóði háskóla. Skýrsla um meginniðurstöður.

Höfundur: Kristín Jónsdóttir

<https://doi.org/10.33112/TQQI4514>



Skýrsla vegna styrkja úr Samstarfi háskóla

Skýrslunni skal skila með tölvupósti til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins hvin@hvin.is

☐ Framvinduskýrsla

☒ Lokaskýrsla (sem skal einnig innihalda upplýsingar úr áður sendum framvinduskýrslum ef við á)

1) Upplýsingar um verkefnið

Dagsetning skýrslu:	20. nóvember 2025		
Nafn umsækjanda:	Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri		
Kennitala:	HÍ kt. 600169-2039 og HA kt. 520687-1229		
Nafn formanns stjórnar:	Kristín Jónsdóttir, dósent við Deild kennslu- og menntunarfræði		
Heiti verkefnis:	Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu		
Málsnúmer:	HVIK23030007		
Verkefnistími:	Upphaf:	Vor 2023	Lok 2025

2) Lýsing á verkefni

Verkefnið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Námið er tveggja ára hagnýtt nám í leikskólafræði sem er skipulagt samhliða starfi í leikskóla, með stuðningi frá sveitarfélögum eða öðrum rekstraraðilum leikskóla. Markmiðið með fagháskólanáminu er að efla faglegt innra starf í leikskólum og fjölga leikskólakennurum. Nemendur geta að loknu fagháskólanámi fengið það metið að fullu (60 einingar) inn í leikskólakennaranám B.Ed. Nemendur sem tóku þátt í fagháskólanáminu voru 103 og á milli 70 og 80 ljúka því á tveimur árum. Mikil ánægja ríkti meðal þátttakenda í þessu þróunarverkefni, nemenda jafnt sem leikskólastjóra og háskólakennara. Vonir standa til að taka næst inn í námið haustið 2026.

3) Lýsing á framvindu/framkvæmd verkefnisins

Kynningar, samningar og inntökuskilyrði

Með viljayfirlýsingu sem undirrituð var 6. október 2022, var stuðningi heitið við framgang verkefnis um fagháskólanám í leikskólakennarafræðum á landsvísu. Á vormánuðum 2023 var fagháskólanámið kynnt fyrir sveitarstjórnnum, fræðslustofnunum og leikskólastjórum og leitað eftir áhuga á þátttöku og samstarfi. Einnig var námsleiðin kynnt fyrir mögulegum umsækjendum sem starfa í leikskólum.

Skilyrði fyrir inngöngu í fagháskólanámið eru að nemandi sé starfandi í leikskóla, hafi lokið leikskólabró eða sambærilegu námi á framhaldsskólastigi, hafi að minnsta kosti

fimm ára starfsreynslu og njóti stuðnings sveitarfélags eða annars rekstraraðila til að stunda námið á vinnutíma einn morgun í viku og til að taka þátt í tveggja daga staðlotu á hverju misseri.

Starfsfólk leikskóla hefur sýnt kynningum á fagháskólanáminu verulegan áhuga þó vissulega hafi ekki öll sem sóttu kynningarfundir afraðið að sækja um. Við vissum fyrir að það væri þörf fyrir slíka námsleið m.a. vegna þess að Menntavísindasvið hafði staðið fyrir tveimur pilot-verkefnum. Fyrri pilot-verkefnið var þróað af Menntavísindasviði HÍ af 2018 og var hluti af átaki stjórnvalda til að efla tengsl háskóla og atvinnulífs. Samstarfsaðilar þá voru Háskólafélag Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Borgarholtsskóli. Seinna pilot-verkefnið hófst 2020 þegar HÍ og Keilir tóku höndum saman í samvinnu við bæjarfélögin á Suðurnesjum. Nemendur úr þessum pilot-verkefnum fagháskólanáms eru nú þónokkrir í B.Ed. námi í leikskólakennarafræðum. Fáeinir hafa lokið meistaranámi og útskrifast sem leikskólakennarar. Raunfærnimat í HÍ kom sér vel fyrir suma þeirra þar sem reynslumikið og öflugt fólk úr fagháskólanáminu gat fengið nokkur námskeið í B.Ed. náminu metin til viðbótar.

Starfsfólk háskóla og sveitarfélög/rekstraraðilar leikskóla

Kennarar af Menntavísindasviði HÍ og úr Kennaradeild HA ásamt stjórnsýslufólki beggja skóla unnu á vormánuðum að undirbúningi námsins sem hófst formlega haustið 2023. Í viðauka 3 má sjá *Glærur fyrir kynningarfund með leikskólastjórum og sveitarstjórnarfólki*.

Stjórn verkefnisins hélt utan um námið frá vori 2023 og til þessa dags ásamt verkefnastýrum og kennurum í náminu. Ráðnar voru tvær verkefnastýrur, sunnan og norðan heiða. Þær héldu utan um kynningarmál, samninga við sveitarfélög, samskipti við nemendur og kennara, stundatöflugerð, staðlotur og fleira.

Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu hefur fengið mjög góðar undirtektir á vettvangi. Fyrir haustið 2023 gerðu 33 sveitarfélög samninga við háskólana um stuðning við starfsfólk sitt fengi það inngöngu í námið. Gerðir voru 8 samningar til viðbótar haustið 2024 vegna nemenda sem hófu nám í seinni hópnum.

Í stjórn verkefnisins Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu sitja:

Kristín Jónsdóttir dósent við HÍ, formaður

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir dósent við HÍ

Védís Grönvold kennslustjóri Menntavísindasviðs HÍ

Guðmundur Engilbertsson lektor við HA

Rannveig Oddsdóttir dósent við HA

Heiða Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri Hug- og félagsvísindasviðs HA.

Verkefnastýrur voru:

Anna Gréta Guðmundsdóttir við HÍ

Alda Stefánsdóttir við HA.

Aðsókn í námið og nemendafjöldi

Fyrri nemendahópurinn hóf nám haustið 2023 og útskrifaðist í júní 2025. Seinni nemendahópurinn var tekinn inn haustið 2024 og munu nemendur útskrifast í júní 2026.

Nemendur í fagháskólanáminu eru skráðir við annað hvort HÍ eða HA og lagt var upp með að nemendur sunnan- og vestanlands innritist í HÍ en norðan- og austanlands í HA. Kynningum og samstarfi við sveitarstjórnir var hagað í samræmi við það. Þessi landfræðilega skipting skýrir af hverju fleiri nemendur voru innritaðir í fagháskólanámið í HÍ en HA.

Taflan hér á eftir sýnir nemendafjölda, hversu mörg fengu inngöngu á námsleiðina og hvernig framvindan hefur verið. Hópur 1 var innritaður haustið 2023 og útskrifaðist í júní 2025. Hópur 2 innritaðist haustið 2024 og mun útskrifast vorið 2026 ásamt fáeinum úr Hópi 1.

	Hópur 1: Nemendur innritaðir haust 2023	Nemendur útskrifaðir úr Hópi 1 í júní 2025	Hópur 2: Nemendur innritaðir haust 2024	Nemendur innritaðir haustið 2025	Heildarfjöldi nemenda í fagháskólanámi 2023-2025
HÍ Menntavísindasvið	41	28	36	31	77
HA Kennaradeild	21	14	5	4	26
Alls:	62	42	41	35	103

Aðsóknin í námið haustið 2023 var góð eins og vonir stóðu til og því óumdeilt að halda áfram, kynna námsleiðina aftur og víðar og bjóða nýjum hópi að sækja um haustið 2024.

Af 62 innrituðum í fyrsta hópi luku 50 nemendur a.m.k. einu af þremur námskeiðum haustmisseris 2023. Af þeim héldu 48 áfram á annað námsár haustið 2024 og 42 útskrifuðust vorið 2025.

Hópur 2 var aðeins fámennari, 41 nemandi hóf námið haust 2024 og 35 héldu áfram haustið 2025 ásamt þeim sem áttu eitthvað eftir frá fyrra ári. Ætla má að vorið 2026 útskrifist 30-35 nemendur. Leikskólastarfsfólk sem lýkur fagháskólanáminu undir hatti þessa verkefnis verður því á milli 70 og 80 manns samtals.

Alls hafa 103 leikskólastarfsmenn verið virkir nemendur í þróunarverkefninu Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu. Brottfall hefur verið sambærilegt eða minna en í kennaranámi yfirleitt eða um og undir 20% sem gefur okkur tilefni til að ætla að stuðningur við nemendur hafi tekist vel í leikskólunum jafnt sem háskólunum.

Skipulag fagháskólanámsins

Námsleiðin Fagháskólanám í leikskólafræði er 60 ects og skipulögð sem hálf náttúrufræði á tveimur skólaárum en gert er ráð fyrir um 15 ects á hverju misseri. Námið er fjarnám með vikulegri kennslu einn morgun (3 klst.) í rauntíma og einni tveggja daga staðlotu á hverju misseri.

Á hverju misseri taka nemendur námskeið í báðum háskólanna, ýmist tvö eða þrjú. Námskeiðum sem svara til helminga eininga er stýrt frá HA og helmingi frá HÍ. Byggt er á námskeiðum sem til eru fyrir í B.Ed. námi í leikskólakennarafræðum. Kennsluhættir eru aðlagðar að nemendahópnum en sumir eru að hefja nám að nýju eftir margra ára hlé. Áhersla er á samstarf milli nemenda, hagnýt verkefni og skýra tengingu við dagleg störf í leikskólum.

Nemendur fylgja einni og sömu námskrá og um hvert námskeið er einn námskeiðsvefur á Canvas. Yfirlitsmyndin sýnir námskeið á námsleiðinni og einingafjölda, fyrra og seinna ár:

Samsetning náms	
Yfirlit með hliðsjón af :	
Árum	Misserum
Námskeiðalýsingum	Skrefum
Töflureiknir	
LSK121 Fagháskólanám í leikskólafræði, Grunndiplóma (Námskeið ársins 2024-2025)	
Fyrsta ár	
Haut	Vor
⑤ LSK001G Leikskólafræði 5e	⑤ LSK005G Leikur, kenningar og leikþroski 6e
⑤ LSK002G Fræðileg skrif og gagnrýnninn lestur 5e	⑤ LSK004G Hreyfing og leikræn tjáning, úti og inni 10e
⑤ LSK003G Málþroski og bernskulæsi 6e	
Annað ár	
Haut	Vor
⑤ LSK006G Yngstu börnin í leikskólanum 5e	⑤ LSK009G Tónlist í lífi ungra barna 5e
⑤ LSK007G Náttúruvísinda- og stærðfræðikennsla 6e	⑤ LSK010G Nám og starf með upplýsingatækni 6e
Haut og vor (heilsársnámskeið)	
⑤ LSK008G Sköpun og samþætting 6e	

Nemandi sem lýkur fagháskólanámi í leikskólafræði getur sótt um leikskólakennaranám á B.Ed. stigi í hvorum háskólanum sem er og fengið námið að fullu metið. B.Ed. námsleiðirnar hjá HÍ og HA eru ekki eins skipulagðar en þegar liggur fyrir hvernig þessi 60 ects námsleið verði metin inn í B.Ed. námið beggja vegna.

4) Lýsing á niðurstöðu

Áfangar í mati á þróunarverkefninu

Mat á verkefninu hófst á vormánuðum 2024. Leikskólastjórar í rýnihópi sögðust strax eftir fyrsta misserið finna mikinn mun á starfsfólki sínu í náminu og upplifa að það hafi meiri áhuga á leikskólastarfinu. Kennslukönnun sýndi líka að nemendur voru ánægðir með námskeiðin á námsleiðinni, telja þau vel upp sett og nýtast þeim vel í starfi. Niðurstöður rýnihóps með nemendum sýndu að þeir höfðu eflst í starfi og telja sig hafa dýpri skilning á námi leikskólabarna. Tekið var mið af niðurstöðunum við skipulagningu fyrir haust 2024 og við skipulagningu formlegs mats þegar þróunarverkefninu var að ljúka.

Kennarar og stjórnsýslufólk háskólanna hefur verið samhent um þetta verkefni, leyst úr þeim spurningum sem upp hafa komið jafnharðan og fundað reglulega á Teams. Verkefnastýrur hafa verið í miklum tengslum við nemendur, útskýrt fyrir þeim hvaðeina varðandi námsskipulagið en einnig sýnt þeim umhyggju og stappað í þau stálinu þegar þurfti.

Lengri vinnufundir um þróun námskrár fagháskólanámsins, kennslu og skipulag, hafa verið haldnir á hverju misseri, ýmist sunnan eða norðan heiða. Samstarfið hefur styrkt góð kynni milli starfsfólks skólanna og skapað tengsl sem geta orðið til að efla samstarf um kennaramenntun jafnt sem rannsóknarsamstarf milli skólanna.

Formlegt mat undir lok verkefnisins sumarið 2025

Samið var við Menntavísindastofnun HÍ um að taka að sér formlegt mat á þróunarverkefninu sem næði til allra þátttakenda þ.e. nemenda, leikskólastjóra, sveitarstjórnarmanna eða rekstraraðila, stjórnar, verkefnisstýra og kennara.

Þær sem önnuðust matið f.h. stofnunarinnar kynntu drög að skýrslu sinni á heilsdags matsfundi og góð umræða skapaðist um niðurstöðurnar. Þau sem lesa þessa lokaskýrslu eru hvött til að lesa matsskýrsluna og fundargerðina og fá þannig ítarlega mynd af sjónarmiðum þátttakenda, hrósi, gagnrýni og tillögum um framhaldið. Matsskýrslan nefnist *Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu: Mat á samstarfsverkefni HÍ og HA*, og fylgir hér sem viðauki 1. Matsfundur stjórnar, verkefnastýra og kennara sem höfðu tekið þátt í verkefninu var haldinn 12. ágúst sl. Fundargerðin fylgir með í viðauka 2 og nefnist *Fundur um mat og þróun Fagháskólanáms í leikskólafræði á landsvísu*.

Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu: Mat á samstarfsverkefni HÍ og HA

Í matsskýrslunni er gerð grein fyrir góðri svörun við spurningalista sem sendur var út í júní 2025 til nemenda í báðum hópum, leikskólastjóra og fulltrúa sveitarfélaga. Svörun var 51% og 47% frá nemendahópunum, 56% frá leikskólastjórum og 23% frá sveitarfélagafulltrúum. Í skýrslunni er fyrst gerð grein fyrir bakgrunni nemenda og vekur athygli að nemendur sem svara könnuninni búa yfir mikilli starfsreynslu; 17 af 40 hafa starfað í leikskólum í 17 ár eða lengur. Þau sem svara eru 12 deildarstjórar, 8 leiðbeinendur, 11 leikskólaliðar og 9 sem sinna stuðningi og hafa annað hvort starfsheitið leiðskólaliði með stuðning eða leiðbeinandi.

Helstu niðurstöðum er í matsskýrslunni skipt í kafla sem snúa að náminu, stuðningi við nemendur og ávinningi og áhrifum á faglegt starf. Hér á eftir eru tíunduð helstu atriði.

Afstaða nemenda var afgerandi jákvæð

- Flest sóttu um námið til að auka starfshæfni sína og vegna þess að þau fengu tækifæri til að mennta sig. Mörg fengu góða hvatningu frá sínum vinnustað.
- Þau voru mjög ánægð með skipulag námsleiðarinnar og samskipti við verkefnastýrur.
- Þau hrósuðu kennslu í námskeiðunum og samskiptum við kennarana sína. Tekið væri gott tillit til mismunandi bakgrunns þeirra og reynslu.
- Þau rómuðu góð kynni innan nemendahópsins og nefndu líka að námið hefði eflt sjálfstraust þeirra sem einstaklinga á menntunarbraut.
- Þau höfðu fundið fyrir ríkum stuðningi og velvilja frá leikskólastjórum sínum.
- Mörg nefndu aukna starfsánægju sem og hagnýta þekkingu sem þau gætu nýtt jafnóðum í starfi. Einn nemandi skrifaði „Maður kemur ferskur inn í starfið eftir hvert verkefni sem unnið er“.
- Þau gagnrýndu flækjustigið í tölvumálum, tvær Uglur og tvo Canvasvefi. Einnig að stór verkefni raðist stundum öll á sama tíma.
- Flestir nemendur nefna að helsti gallinn við að vera í námi samhliða starfi sé álagið og að krefjandi sé að finna tíma fyrir allt sem þarf að gera.
- 85% svarenda sögðu mjög miklar líkur á að þau myndu halda áfram og fara í leikskólakennaranám.
- Öll sögðust þau myndu mæla með náminu við aðra og ástæður þess má sjá hér á myndinni (Mynd 7 á bls. 10 í matsskýrslunni).

Mynd 1*Hvers vegna myndir þú mæla með náminu?*

Langflest þeirra áforma að halda áfram í leikskólakennaranámi að fagháskólanáminu loknu. Nú er ljóst að 35 af þeim 42 sem útskrifuðust úr Hópi 1 vorið 2025 innrituðust strax í leikskólakennaranám til B.Ed. gráðu haustið 2025.

Leikskólastjórar studdu fagháskólanema með ráðum og dád

Leikskólastjórar skrifuðu einnig sínar hugrenningar varðandi kosti og galla við námið sem svör við opnum spurningum. Flestir þeirra telja þetta vera góða leið fyrir þá sem hafa starfað lengi í leikskólum og frábært framtak. Önnur veigamikil atriði sem þeir nefndu voru:

- Mikilvægt sé að halda þessum möguleika opnum og ekki láta námið niður falla.
- Góður valkostur fyrir þá sem hafi talið óyfirstíganlegt að sækja sér frekari menntun.
- Eflir faglegt starf. Leikskólastjóri orðaði það svo „Ég finn hvað námið skilar sér vel inn í allt starf á viðkomandi deild og fagmennskan eykst í kjölfarið“.
- Skólastjórnarnir hafa mismunandi skoðanir á námsskipulaginu og meiri upplýsingagjöf er talin gefa þeim færi á að fylgjast betur með náminu og vera þannig meira styðjandi.
- Dæmi um stuðning leikskólastjóra eru að “nemendur njóti ákveðins sveigjanleika vegna námsins, fái ávallt tækifæri til að mæta í kennslustundir þrátt fyrir álag í leikskólanum, fái að nota vinnuaðstöðu fyrir utan vinnutíma og bjóðist að taka undirbúningstíma heima. Einnig er stuðningur fólgin í hvatningu, hrósi, umræðum um námið og aðstoð með verkefni“.

Leikskólastjórar styðja áframhaldandi þróun námsleiðarinnar eins og merkja má af því að nánast allir telja góðar líkur á að þeir mæli með henni við starfsfólk sitt þegar tekið verður inn næst en það gerist væntanlega haustið 2026.

Stuðningur sveitarfélaga og annarra rekstraraðila leikskóla

Þónokkuð kemur fram um að sveitarfélögin styðji við nemendur í fagháskólanáminu og leikskóla þeirra á ólíkan hátt sbr. bls. 16-17 í matsskýrslunni í viðauka 1.

Leikskólastjórum finnst miður að þeir fái ekki fjármagn fyrir afleysingum inn í reksturinn.

- Í samningum um stuðning við námið segir að nemendur fái að stunda námið einn morgun í viku og fara í eina eða tvær staðlotur á misseri.

Sveitarfélögin haga námsleyfum á mismunandi vegu. Leikskólastjóri „nefnir að styrkurinn felist í námsleyfi sem nemur 35 dögum á skólaárinu, annar nefnir að dagafjöldinn sé 17,5.“ Nemendur eru þakklátir fyrir stuðninginn en nefna að einhverjir þurfi að taka námsleyfi af styttingu vinnuvikunnar en aðrir þurfi þess ekki.

Tengiliður sveitarfélags nefnir að sveitarfélag/rekstraraðili styðji við nemendur með fjárstyrk fyrir námsgjöldum, námsbókum og afslátt af viðveru án launaskerðingar ásamt því að skrifa undir viljayfirlýsingu um stuðning.

Ljóst er að stuðningur sveitarfélaga og rekstraraðila er með ólíkum hætti þrátt fyrir að allir aðilar hafi undirritað samskonar samninga við háskólana um fagháskólanámið. Fram komu óskir frá nemendum og leikskólastjórum um að samningar yrðu túlkaðir á sama veg.

Ávinningur og áhrif á faglegt starf

Margt forvitnilegt kom fram í þessum kafla í matsskýrslunni. Í opnum svörum frá nemendum kemur fram að „nemendur telja faglega þekkingu hafa aukist ásamt öryggi, sjálfstrausti og jákvæðni í starfi. Þeir geta tengt starfshætti við fræðin og skilja betur ýmsa þætti starfsins eins og bernskulæsi, gildi leiks og skapandi starf.“ Þeir nefna einnig að nú þori þeir „frekar að hugsa út fyrir kassann, hafa fengið nýja sýn á daglegt starf, geta tekið þátt í faglegum umræðum og eru öruggari í að veita foreldrum ráðleggingar.“ Nemandi segir sig „hafa öðlast allt annað og jákvæðara viðhorf til tví- og fjöltyngdra barna og mikilvægi þess að börn fái móðurmáls- og íslenskukennslu.“ Nefnt er að stundum sé álag á aðra starfsmenn til dæmis þegar nemandi sinni verkefnum í náminu á deild sinni. Leikskólastjórar nefna einnig neikvæð áhrif á leikskólann vegna fjarveru nemenda frá vinnu til að stunda námið en á heildina litið tilgreina þeir mun meira af jákvæðum áhrifum, meðan annars að „að þekking nemenda skili sér inn í starfið með aukinni fagmennsku og að þeir séu góðar fyrirmyndir fyrir annað starfsfólk“ og að þeir „eigi auðveldara með að rökstyðja starfshætti og komi inn með nýja strauma.“

Lokaorð í matsskýrslunni eru þessi: „Niðurstöður úr könnuninni sýna fram á að námsleiðin hefur jákvæð áhrif á faglegt starf leikskóla og verður vonandi til þess að fagmenntuðu fólki með þekkingu á kennslu og námi ungra barna fjölgi.“

Fundur um mat og þróun Fagháskólanáms í leikskólafræði á landsvísu

Matsfundur stjórnar, verkefnastýra og kennara sem höfðu tekið þátt í verkefninu var haldinn 12. ágúst sl. eins og áður segir. Hann var haldinn í Háskóla Íslands og stóð frá 9.30-16. Fundinn sóttu stjórn námsleiðarinnar og kennarar, frá fyrra og seinna starfsári verkefnisins, verkefnisstjórar og matsaðili frá Menntavísindastofnun sem einnig ritaði fundargerð en hún fylgir hér með sem viðauki 2.

Fyrir hádegi var fyrst kynning á helstu niðurstöðum matsskýrslu Menntavísindastofnunar og umræður um þær í framhaldinu. Fram kom að jákvæðir þættir sem gripu þá sem til máls tóku snerust einkum um hve gleðilegt væri að sjá að námið styrkti nemendur svo vel á marga vegu, að jákvæð fagleg áhrif væru merkjanleg í leikskólum samhliða því sem nemendur sinntu fagháskólanáminu og að gott væri að vita að þau væri svona ánægð með kennsluna og samskiptin við háskólaafólkið. Einnig var rætt að það væri gott að sjá hve leikskólastjórar væru ánægðir með námið, sköpuðu rými og styddu við námið; þeir væru hliðverðir og lykilpersónur í að allt gengi vel.

Því næst var rætt um gagnrýni frá þátttakendum sem fram hafði komið í matsskýrslunni og hvernig bregðast mætti við og þróa námsleiðina áfram. Rætt var um gagnrýni nemenda á einstaka námsefni og um skilafresti, upplýsingagjöf og samfellu í náminu í milli námskeiða. Á fundinum var tekið undir að flækjustigið með tvær Uglur og tvö kerfi yfirleitt væri til óþæginda. Einnig að æskilegt væri að meira samræmi ríkti í stuðningi sveitarfélaga og annarra rekstraraðila við nemendur og spurning hvort KÍ gæti komið að því.

Eftir hádegið funduðu kennarar sér og stjórnendur sér. Kennarar ræddu nánar um kennsluhætti og stilltu saman strengi svo sem skiladaga fyrir kennslu haustið 2025. Þeir ræddu einnig ítarlega um námsmat í fagháskólanáminu og voru sammála um að mikilvægt væri að námsmatið væri alveg sambærilegt við námsmat í B.Ed. námi í leikskólakennarafræði.

Stjórnendur ræddu um fjármögnun námsleiðarinnar, hver staðan væri með æskilegar tæknilausnir, auka þyrfti kynningu á námsleiðinni og efna mætti til samstarfs við KÍ og sveitarfélögin þar um. Fundarfólk var sammála um að sækja þyrfti um styrki til áframhaldandi þróunarstarfs, helst til 4–5 ára svo fagháskólanám í leikskólafræði næði rótfestu og gæti orðið góð fyrirmynd að fagháskólanámi og samstarfi yfirleitt.

Undir lok dags sameinuðust hóparnir og kynntu áherslur úr umræðunni hvor fyrir öðrum. Almennur áhugi var á að síðar meir mætti þróa námsleiðina til dæmis þannig að hún mætti þörfum ákveðinna hópa svo sem leikskólastarfsmanna sem þurfa að styrkja íslenskukunnáttu sína. Fundarfólk var sammála um að vekja bæri athygli á að þróunarverkefnið hefði tekist gríðarlega vel og mikill vilji væri til að halda þessu góða samstarfi HA og HÍ áfram.

5) Næstu skref

Í desember 2025 verður haldinn sameiginlegur fundur stjórnenda kennaranáms við HÍ og HA um áframhaldið. Sameiginlegt markmið okkar er að taka inn hóp nemenda fyrir haustið 2026 og byggja þá á dýrmætri reynslu af þessu þróunarverkefni.

Aðstandendur Fagháskólanáms í leikskólafræði á landsvísu þakka fyrir myndarlegan styrk úr Samstarfssjóði háskóla í ársbyrjun 2023. Styrkurinn gerði okkur kleift að standa mjög vel að þessu og ná þeim árangri sem raun ber vitni.

Þrír viðaukar

1. *Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu: Mat á samstarfsverkefni HÍ og HA*
2. *Fundur um mat og þróun Fagháskólanáms í leikskólafræði á landsvísu*
3. *Glærur fyrir kynningarfund með leikskólastjórum og sveitarstjórnarfólki*

Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu

Mat á samstarfsverkefni HÍ og HA



MENNTAVÍSINDASTOFNUN



Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu

Mat á samstarfsverkefni HÍ og HA

Anna Bjarnadóttir

Ólöf Ragna Einarsdóttir

Ljósmynd á forsíðu, Adobe Stock photo: Volodymyr

Ágúst 2025

ISBN 978-9935-468-45-1

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
2. Framkvæmd	4
2.1 Þátttakendur	4
3. Niðurstöður	5
3.1 Bakgrunnur	5
3.2 Námið, viðhorf nemenda	6
3.2 Námið, viðhorf leikskólastjóra	11
3.3 Stuðningur við nemendur	13
3.4 Ávinningur og áhrif á faglegt starf	17
3.5 Ábendingar varðandi námsleiðina	21
4. Lokaorð	24
5. Heimildir.....	25

MYNDASKRÁ

Mynd 1 Starfsreynsla í leikskóla	6
Mynd 2 Helstu ástæður fyrir vali á Fagháskólanámi í leikskólafræði	6
Mynd 3 Hvernig metur þú upplýsingaflæði á milli nemenda og kennara?	8
Mynd 4 Hvernig metur þú verkefnaálagið í náminu?	9
Mynd 5 Hvernig líkar þér Fagháskólanámið þegar á heildina er litið?	9
Mynd 6 Hversu miklar eða litlar líkur eru á því að þú haldir áfram í leikskólakennaranámi?	10
Mynd 7 Hvers vegna myndir þú mæla með náminu?	10
Mynd 8 Hvernig metur þú upplýsingaflæði til leikskólastjóra varðandi fyrirkomulag námsins?	12
Mynd 9 Hvernig líkar þér Fagháskólanámið þegar á heildina er litið?	13
Mynd 10 Hversu mikinn eða lítinn stuðning færðu frá leikskólastjóra til að geta sinnt náminu?	14
Mynd 11 Hversu mikið eða lítið styður þú sem leikskólastjóri við nemendur í Fagháskólanámi?	15
Mynd 12 Hvernig gengur að gefa starfsfólki svigrúm til að stunda námið?	15
Mynd 13 Hversu mikinn eða lítinn stuðning færðu frá sveitarfélaginu/rekstraraðilum til að geta sinnt náminu?	16
Mynd 14 Hversu mikið eða lítið styður sveitarfélagið/rekstraraðili við nemendur í Fagháskólanámi þannig að þeir geti sinnt náminu?	17
Mynd 15 Telur þú að námið hafi breytt einhverju fyrir þig í starfi nú þegar?	18
Mynd 16 Telur þú (nemandi) námið hafa haft áhrif á leikskólastarfið þar sem þú starfar?	19

Mynd 17 Telur þú (leikskólastjóri) að námið hafi haft áhrif á leikskólastarfið?	20
Mynd 18 Hversu miklar eða litlar líkur eru á því að þú hvetjir starfsfólk þitt til að sækja um Fagháskólanám þegar það býðst?	21
Mynd 19 Samantekt ábendinga frá öllum þátttakendum í könnuninni	22
Mynd 20 Yfirlit um það sem kom nemendum helst á óvart	23

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1 Yfirlit yfir þátttakendur í rafrænni könnun	4
Tafla 2 Starfsheiti nemenda og upphaf námstíma.....	5

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um helstu niðurstöður könnunar á viðhorfum til námsleiðarinnar Fagháskólanám í leikskólafræði. Samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem nefnist Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu, er grundvöllur þess að námsleiðin varð til.

Árið 2022 var undirrituð viljayfirlýsing um þróun og innleiðingu fagháskólanáms í leikskólafræði með það að markmiði að efla menntun starfsfólks leikskóla um allt land (Stjórnarráð Íslands, 2022). Fagháskólanámið er þróunarverkefni, styrkt úr sjóðnum Samstarf háskóla á vegum Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis, og unnið í samvinnu HA og HÍ við sveitarfélög víða um land.

Námsleiðin er 60 eininga grunndiplóma fyrir þau sem hafa lokið námsbraut fyrir leikskólaliða eða leikskólabrú á framhaldsskólastigi (Háskóli Íslands, e.d.). Námið er skipulagt sem hálft nám með vinnu í leikskóla í tvo vetur og kennt í blöndu af stað- og fjarnámi. Fyrsti hópur nemenda hóf nám haustið 2023 og útskrifaðist vorið 2025. Annar hópur nemenda hóf nám haustið 2024 og áætlað er að hann útskrifist vorið 2026.

Könnunin var framkvæmd í júní 2025 og náði til beggja nemendahópa, leikskólastjóra og tengiliða sveitarfélaga en einnig voru tekin viðtöl við verkefnisstjóra námsleiðarinnar við Háskóla Íslands og við Háskólann á Akureyri.

Markmið könnunarinnar er að safna reynslu og viðhorfum nemenda, leikskólastjóra og tengiliða sveitarfélaga til Fagháskólanámsins og munu niðurstöðurnar nýtast til að meta námsleiðina Fagháskólanám í leikskólafræði og styðja við áframhaldandi þróun hennar.

Í stjórn verkefnisins Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu sitja Kristín Jónsdóttir dósent við HÍ formaður, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir dósent við HÍ, Védís Grönvold kennslustjóri Menntavísindasviðs HÍ, Guðmundur Engilbertsson lektor við HA, Rannveig Oddsdóttir dósent við HA og Heiða Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri Hug- og félagsvísindasviðs HA. Verkefnisstjórar voru Anna Gréta Guðmundsdóttir við HÍ og Alda Stefánsdóttir við HA.

Könnunin og skýrsla þessi voru unnar að beiðni stjórnarinnar.

2. FRAMKVÆMD

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 6. til 30. júní 2025. Rafræn spurningakönnun var send til samtals 166 þátttakenda sem samanstóð af nemendum í Fagháskólanámi, leikskólastjórum og tengiliðum sveitarfélaga. Spurningakönnunin var send út með könnunarforritinu Qualtrics og unnið úr niðurstöðum í Rstudio (Posit team, 2025). Spurningakönnunin innihélt bæði lokaðar og opnar spurningar.

Prisvar sinnum á tímabilinu var ítrekuð ósk um svör send á þátttakendur. Fjórða ítrekunin var að lokum send á tengiliði sveitarfélaga í lok júní þar sem eingöngu tvö svör höfðu borist frá þeim hópi þátttakenda.

Tekin voru einstaklingsviðtöl við verkefnisstjóra bæði við HÍ og við HA. Viðtölin stóðu yfir í um það bil 45 mínútur hvort um sig og voru tekin á TEAMS.

Allir þátttakendur fengu upplýsingar varðandi trúnað og nafnleynd við úrvinnslu og notkun gagna. Listi yfir netföng þátttakenda kom frá verkefnastjórum Fagháskólanámsins.

2.1 Þátttakendur

Svarhlutfall í rafrænni könnun var í heildina 47%. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þátttakendur og upplýsingar um svarhlutfall hvers hóps fyrir sig.

Tafla 1

Yfirlit yfir þátttakendur í rafrænni könnun

Þátttakendur	Rafræn könnun send til	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Fyrri nemendahópur (hóf nám haustið 2023)	49	25	51%
Seinni nemendahópur (hóf nám haustið 2024)	32	15	47%
Leikskólastjórar	59	33	56%
Tengiliðir sveitarfélaga	26	6	23%
Samtals	166	78	47%

3. NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöðum er skipt í kafla sem snúa að **náminu, stuðningi við nemendur** og **ávinningi og áhrifum á faglegt starf**. Fyrst er stuttlega farið yfir bakgrunn nemenda sem svöruðu könnuninni.

3.1 Bakgrunnur

Fyrstu spurningarnar í könnuninni sneru að bakgrunni nemenda meðal annars í tengslum við upphaf náms, starfsreynslu, starfsheiti og starfshlutfall. Í töflu 2 má sjá dreifingu svara eftir starfsheitum og upphafi námstíma.

Tafla 2

Starfsheiti nemenda og upphaf námstíma


	Haut 2023	Haut 2024
Deildarstjóri	8	4
Leiðbeinandi	6	2
Leikskólaliði	6	5
Stuðningur*	5	4

* Fullt starfsheiti er leiðbeinandi eða leikskólaliði með stuðning

Langflestir nemendanna starfa á ákveðinni deild og eru í yfir 75% starfshlutfalli, þeir eru einnig flestir með talsvert langa starfsreynslu í leikskóla eins og sjá má á mynd 1. Tólf nemendur sinna stöðu deildarstjóra.

Mynd 1

Starfsreynsla í leikskóla




3.2 Námið, viðhorf nemenda

Nemendur voru spurðir um helstu ástæður þess að námsleiðin var valin og gátu merkt við allt að þrjá svarmöguleika ásamt því að geta bætt við eigin möguleika undir annað. Á mynd 2 má sjá hvernig svörin skiptust.

Mynd 2

Helstu ástæður fyrir vali á Fagháskólanámi í leikskólafræði



Einn nemandi valdi svarmöguleikann annað, og nefndi að *meiri réttindi* hefði verið ein af ástæðum þess að námið var valið.

Flestir merkja við svarmöguleikana *aukna starfshæfni* og *tækifæri til menntunar* en einnig er nokkuð algengt að nemendur finni fyrir *hvatningu frá vinnustað*.

Nemendur höfðu tök á að nefna helstu kosti og galla við námið í opnum svörum. Þar voru ýmsir kostir taldir upp, meðal annars að geta byrjað í hálfu námi þar sem nemendur fá góðan stuðning og utanumhald frá kennurum, samnemendum og verkefnastjórum. Nemendum finnst þeir leiddir rólega inn í námið, allt er útskýrt mjög vel og kennarar og verkefnastjórar ávallt tilbúnir að aðstoða. Tekið er tillit til þess að fólk kemur úr ólíkum áttum með mismunandi bakgrunn. Námið er talið henta sérstaklega vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í háskólanámi eftir langt hlé frá skóla, ekki síst þá sem vilja styrkja sig í starfi og hafa ef til vill ekki fengið tækifæri til að mennta sig fyrir. Þar sem hópurinn hittist vikulega í gegnum ZOOM þá eflist samheldni hópsins og tenging milli samnemenda verður mikil. Það að stunda nám samhliða vinnu gefur nemendum tækifæri til að vinna verkefni á vettvangi þar sem þeir nýta fræðsluna strax og geta borið saman áherslur úr námsefni við daglegt starf. Einn nemandi skrifar „Maður kemur ferskur inn í starfið eftir hvert verkefni sem unnið er“. Fjárhagslegt öryggi er einnig nefnt sem kostur við námið þar sem nemendur þurfa ekki að minnka við sig starfshlutfall ásamt því að geta lært á eigin hraða og fengið stuðning frá yfirmanni.

Tilvitnun frá nemanda

„Námið eflir mann sem einstakling.“

Þegar nemendur nefna helstu gallana þá kemur fram ákveðið flækjustig í tengslum við að tölvukerfin á milli skólanna eru ekki tengd eða samstillt. Nemandi skrifar „að vera í tveimur skólum með tvær Uglur er frekar erfitt og ruglandi“. Einnig kom fram að stundum raðist stór verkefni upp á sama tíma, hópaverkefnin eru mörg og erfitt þegar einn aðili dregur verkefnið niður. Einn nemandi nefnir að það vanti stundum upp á skipulag og skýrleika t.d. hvar eigi að mæta í lotu og að samskiptin á milli skólanna mættu vera betri. Ekki eru allir áfangarnir taldir viðeigandi fyrir leikskólastigið og hluti námsefnis jafnframt talinn miðaður að fólki sem hafi enga eða litla reynslu þrátt fyrir að í hópi nemenda séu aðilar með yfir 20 ára reynslu af leikskólastarfi. Einum nemanda fannst námskeiðin of mörg og taldi of mikið farið yfir sama efnið í námskeiðum og nefnir sérstaklega námskeiðin *Leikskólafræði 1*, *Leikur, kenningar og leikþroski* og *Yngstu börnin í leikskólanum*. Einnig fannst nemanda fyrsta önnin strembin, erfitt að byrja í skóla eftir langt hlé, þurfa að setja sig inn í tvö kerfi og vera í þremur fögum á sama tíma.


Flestir nemendur nefna að helsti gallinn við að vera í námi samhliða starfi sé álagið og að krefjandi sé að finna tíma fyrir allt sem þarf að gera. Einn nefnir sérstaklega að því

fylgi stress, kvíði og samviskubít að vera frá vinnu í kennslustund á Zoom og nefnir að það verði áskorun í áframhaldandi námi, eftir útskrift úr Fagháskólanáminu, að þurfa að mæta tvisvar í viku (vísun til skipulags B.Ed. náms við HÍ). Sérstakur álagspunktur að hausti er talinn fylgja því að staðlotur eru oft á sama tíma og aðlögunartími stendur yfir í leikskóla. Nemandi segir að námið hafi verið tímafrekara en hann hafði gert sér grein fyrir í upphafi og því mjög mikilvægt að skipuleggja sig vel.

Á mynd 3 má sjá að nánast allir nemendur meta upplýsingaflæði á milli nemenda og kennara mjög gott eða frekar gott.

Mynd 3


Hvernig metur þú upplýsingaflæði á milli nemenda og kennara?



Á mynd fjögur má sjá hvernig nemendur meta verkefnaálag í námi. Meirihluti svarenda eða 62,5% telur að álagið sé frekar mikið eða mjög mikið á meðan 35% velur svarmöguleikann hvorki né. Einum nemanda finnst verkefnaálagið mjög lítið. Í opnu svari nefnir nemandi að lærdómsálag hafi verið misjafnt eftir önnum og áfangarnir misþungir. Honum fyndist gott ef opnað væri fyrr fyrir verkefnin til að geta unnið meira fram í tímann.

Mynd 4


Hvernig metur þú verkefnaálagið í náminu?



Á heildina lítið líkar nemendum vel við Fagháskólanámið eins og sést á mynd 5.

Mynd 5


Hvernig líkar þér Fagháskólanámið þegar á heildina er lítið?



Á mynd 6 má sjá að 85% nemenda telja miklar líkur á að halda áfram leikskólakennarnámi, aðeins einn nemandi telur litlar líkur á að halda áfram.

Mynd 6

Hversu miklar eða litlar líkur eru á því að þú haldir áfram í leikskólakennaranámi?



Allir nemendur myndu mæla með náminu við aðra og ástæður þess má sjá í opnum svörum á mynd 7.

Mynd 7

Hvers vegna myndir þú mæla með náminu?

Er virkilega áhugavert nám Skemmtilegt Frábært tækifæri Gagnlegt Góð leið Vel haldið utan um mann	Hefur eft mig í starfi og í persónulegu lífi Er þroskandi, gefandi og krefjandi á sama tíma Skilar sér margfalt í starfið Ætti að vera skylda fyrir alla sem starfa í leikskóla að fara í einhverja áfanga
Er mögulegt með góðu skipulagi Maður lærir alltaf eitthvað nýtt þó að maður sé búinn að starfa í 30 ár Mikilvægt að fá fleiri leikskólakennara eða bara kennara í samfélagið, börnin okkar græða á því að fólk mennti sig í þessu fagi	Getur verið stökkpallur fyrir einstaklinga sem eru hræddir við að taka skrefið Þetta nám er alger snilld fyrir þá sem hafa ekki farið í nám í mörg ár og kunna jafnvel ekki að gera ritgerð

3.2 Námið, viðhorf leikskólastjóra

Leikskólastjórar skrifuðu einnig sínar hugrenningar varðandi kosti og galla við námið í opnum svörum. Flestir þeirra telja þetta vera góða leið fyrir þá sem hafa starfað lengi í leikskólum og frábært framtak. Mikilvægt sé að halda þessum möguleika opnum og ekki láta námið niður falla.

Helstu kostir sem leikskólastjórar nefna eru þeir að námið sé góður valkostur fyrir þá sem hingað til hafi talið ófyrstíganlega hindrun að sækja sér frekari menntun. Námið gefi þeim sjálfstraust og hvatningu til að halda áfram. Í leikskólum þar sem menntunarstigið er ekki hátt er mikilvægt að geta boðið starfsfólki að nýta sér þessa leið þar sem öll þekking á kennslu barna skili sér inn í starf skólanna. Námið er talið gott veganesti í áframhaldandi nám þar sem starfsfólk með reynslu getur unnið sér inn einingar í leikskólakennarafræði. Það getur einnig verið hvetjandi fyrir annað starfsfólk leikskóla að fara í námið og orðið til þess að fjölga fagmenntuðu fólki með þekkingu á þroska, námi og kennslu barna.

Einn leikskólastjóri telur námsleiðina vera gott framtak en að mikilvægt sé að setja skýrar kröfur á erlenda nemendur um að skila verkefnum og taka próf á íslensku þar sem þau mennti sig til að verða kennarar innan íslensks menntakerfis. Leikskólastjóri segir „Ég finn hvað námið skilar sér vel inn í allt starf á viðkomandi deild og fagmennskan eykst í kjölfarið“.

Leikskólastjórar hafa mismunandi skoðanir á námsfyrirkomulaginu þar sem einum finnst mjög gott að nemendur mæti reglulega á meðan að öðrum finnst að skapa þurfi aukið rými fyrir fjarnám með áherslur á lotur frekar en vikulega ástundun. Einn nefnir að háskólarnir mættu í ríkari mæli vinna með vinnumarkaðnum þegar kemur að fjarnámi og í því sambandi nefnir annar að gott væri að hafa mætingu í annarri hverri viku með meiri sveigjanleika t.d. með því að bjóða upp á upptökur sem hægt væri að fylgjast með við hentugleika.


Þrátt fyrir að flestum leikskólastjórum finnist starfsfólkið hafa eflst í gegnum námið kom einnig fram að einn leikskólastjóri taldi sig ekki sjá mikinn mun á starfsháttum starfsmanns leikskólans þrátt fyrir tveggja ára nám. Einnig kom fram að leikskólastjóri þurfti að spyrja starfsmanninn út í námið þar sem ekki kæmu neinar upplýsingar til þeirra frá Háskólanum.

Nokkrir leikskólastjórar nefna skort á upplýsingum vegna námsins í opnum svörum í tengslum við það sem mætti bæta, ekki síst í varðandi námsefni og námskeið. Frekari upplýsingagjöf er talin gefa leikskólastjórum færi á að fylgjast betur með náminu og vera þannig meira styðjandi. Einn stingur upp á samtali við leikskóla nemenda varðandi námsframvindu.

Á mynd 8 má sjá hvernig leikskólastjórar meta upplýsingaflæði varðandi fyrirkomulag námsins.

Mynd 8

Hvernig metur þú upplýsingaflæði til leikskólastjóra varðandi fyrirkomulag námsins?




Einn leikskólastjóri telur að Háskóli Íslands þurfi að mæta starfsaðstæðum í leikskóla með fjarnámi. Hann segir: „Háskólinn á Akureyri gerir það en ekki Háskóli Íslands við nemendur sem búa í sveitarfélögum nærri höfuðborgarsvæðinu. Sem þýðir auka fjarvera frá vinnu til að koma sér í gegnum umferð o.s.frv.“ og telur mun auðveldara að missa fólk í lotur heldur en dagsparta í hverri viku. Þarna má ætla að leikskólastjórinn sé að tala um annað nám en Fagháskólanám þar sem mætingaskyldan var jafnmikil hvort sem nemandi var skráður í HÍ eða HA. Í Fagháskólanáminu eru kennslustundir einn morgunn í viku, fjarnám í rauntíma, og svo er ein tveggja daga staðlota á hverju misseri til skiptis við HÍ og HA.

Leikskólastjórum líkar almennt mjög vel við Fagháskólanám í leikskólafræðum eins og sjá má á mynd 9.

Mynd 9

Hvernig líkar þér Fagháskólanámið þegar á heildina er litið?




Fáir tengiliðir frá sveitarfélögum svöruðu könnuninni en í opnu svari varðandi kosti við námið kemur fram að þeir telja námsleiðina vera frábæra undirstöðu fyrir leikskólakennaranámið og veita þeim sem hafa reynslu og áhuga, tækifæri til að mennta sig.

3.3 Stuðningur við nemendur

Þátttakendur voru spurðir um stuðning leikskólastjóra og sveitarfélags/rekstraraðila vegna námsins. Á mynd 10 má sjá hvernig nemendur meta stuðning leikskólastjóra til að sinna náminu. Flestir telja sig fá mjög mikinn eða frekar mikinn stuðning eða 87,5% svarenda.

Mynd 10

Hversu mikinn eða lítinn stuðning færðu frá leikskólastjóra til að geta sinnt náminu?



Opin spurning kom í kjölfarið þar sem hægt var að nefna dæmi um stuðning frá leikskólastjóra. Þar kom meðal annars fram að leikskólastjórar væru styðjandi, sveigjanlegir, hvetjandi og áhugasamir. Einnig kom fram að leikskólastjórar reyndu ávallt að láta námið ganga fyrir þrátt fyrir að það væri mannekla í leikskólanum og nemendum stendur til boða að nýta sér aðstöðu í leikskólanum utan vinnutíma.


Nemendur nefna að þeir fái stuðning við að vinna verkefni innan leikskólans og geta leitað til leikskólastjórans með ýmislegt tengt náminu. Einnig er tekið er tillit til nemenda á álagstímum í námi og sveigjanleiki varðandi leyfi.

Einn nemandi nefnir að hann finni fyrir litlum stuðningi frá sínum leikskólastjóra, fyrir utan að fá svigrúm til að mæta í tíma á þriðjudögum.

Leikskólastjórar voru einnig spurðir út í stuðning þeirra við nemendur vegna námsins og telja flestir sig styðja nemendur mikið eins og sjá má á mynd 11.

Mynd 11


Hversu mikið eða lítið styður þú sem leikskólastjóri við nemendur í Fagháskólanámi?



Í opnum svörum koma fram margvísleg dæmi um stuðning leikskólastjóra. Hann felist meðal annars í að nemendur njóti ákveðins sveigjanleika vegna námsins, fái ávallt tækifæri til að mæta í kennslustundir þrátt fyrir álag í leikskólanum, fái að nota vinnuaðstöðu fyrir utan vinnutíma og bjóðist að taka undirbúningstíma heima. Einnig er stuðningur fólgin í hvatningu, hrósi, umræðum um námið og aðstoð með verkefni. Leikskólastjóri skrifar „Við gerum allt til að styðja hana og sýna áhuga og hvetja til að klára námið“. Annar segist hvetja nemandann til að tengja við starfið það sem fjallað er um í náminu. Flestum leikskólastjórum gengur vel að gefa starfsfólki svigrúm til að stunda námið eins og sést á mynd 12.

Mynd 12


Hvernig gengur að gefa starfsfólki svigrúm til að stunda námið?



Á mynd 13 má sjá hvernig nemendur mátu stuðning frá sveitarfélagi/vinnuveitanda til að sinna náminu. Þar kemur fram að um 70% telja sig fá mjög mikinn eða frekar mikinn stuðning til að sinna náminu og 15% telja sig fá frekar lítinn eða mjög lítinn stuðning.

Mynd 13

Hversu mikinn eða lítinn stuðning færðu frá sveitarfélaginu/rekstraraðilum til að geta sinnt náminu?




Nemendum gafst kostur á að svara opinni spurningu í kjölfarið þar sem þeir gátu nefnt dæmi um stuðning frá sveitarfélagi/rekstraraðila. Þar kom fram að útfærslur sveitarfélaga eru mismunandi. Flestir nefna að stuðningur felist í launuðu námsleyfi eða að geta verið í tímum einu sinni í viku, hálfan dag frá vinnu, á launum. Einn nemandi segist fá 13 námsleyfisdaga yfir skólaárið sem falla undir námið og þurfi því ekki að nota vinnustyttingu eða orlof. Annar segist fá 10 daga á önn til að mæta t.d. í lotur á launum. Nefnt er dæmi um að vinnuveitandi styrki með peningagreiðslu, greiði skólagjöld og bókakostnað. Einhver sveitarfélög gera kröfur á samning um ákveðinn starfstíma að námi loknu. Tveir nemendur nefna að þeir hafi ekki fengið neinn stuðning frá sveitarfélaginu og því þurft að nýta eigin vinnustyttingu, orlof og undirbúningstíma fyrir námið. Einn nemandi nefnir að hann hafi samvisku sinnar vegna tekið orlofsdaga þar sem fjarveran frá vinnu varð meiri en hann bjóst við.

Leikskólastjórar voru einnig spurðir út í stuðning sveitarfélags eða rekstraraðila við nemendur og svör þeirra sjást á mynd 14.

Mynd 14

Hversu mikið eða lítið styður sveitarfélagið/rekstraraðili við nemendur í Fagháskólanámi þannig að þeir geti sinnt náminu?



Sem dæmi um stuðning nefna leikskólastjórar oftast að nemendur fái styrk og missi ekki laun. Einn þeirra nefnir að styrkurinn felist í námsleyfi sem nemur 35 dögum á skólaárinu, annar nefnir að dagafjöldinn sé 17,5. Í opnum svörum nemenda og leikskólastjóra sést að stuðningur rekstraraðila virðist misjafn. Dæmi eru um að starfsmenn fái engan styrk, þurfi að nýta vinnustyttingu eða orlofsdaga og eigi ekki rétt á námssamningi eins og aðrir hópar í sambærilegu námi. Leikskólastjóri nefnir „Ekki er sett aukafjármagn til að styðja við nemendur í námi, útfærsla er á kostnað vinnu annarra kennara“ annar segir „leikskólinn fær ekki afleysingu eins og kemur inn þegar um hefðbundið nám í leikskólakennarafræðum er að ræða“.


Tengiliður sveitarfélags nefnir að sveitarfélag/rekstraraðili styðji við nemendur með fjárstyrk fyrir námsgjöldum, námsbókum og afslátt af viðveru án launaskerðingar ásamt því að skrifa undir viljayfirlýsingu um stuðning.

3.4 Ávinningur og áhrif á faglegt starf

Þátttakendur voru spurðir um ávinning af náminu og áhrif á faglegt starf. Á mynd 15 má sjá að allir nemendur fyrir utan einn telja að námið hafi nú þegar breytt einhverju fyrir þá í starfi.

Mynd 15

Telur þú að námið hafi breytt einhverju fyrir þig í starfi nú þegar?




Nánari útskýringar í opnum svörum sýna að nemendur telja faglega þekkingu hafa aukist ásamt öryggi, sjálfstrausti og jákvæðni í starfi. Þeir geta tengt starfshætti við fræðin og skilja betur ýmsa þætti starfsins eins og bernskulæsi, gildi leiks og skapandi starf.

Viðhorf til starfsins breyttist og einn nemandi nefnir að með faglegri þekkingu, auknu sjálfstrausti og meiri starfsánægju hafi hann fengið fleiri tækifæri í starfi og aukna ábyrgð. Nemendur þora frekar að hugsa út fyrir kassann, hafa fengið nýja sýn á daglegt starf, geta tekið þátt í faglegum umræðum og eru öruggari í að veita foreldrum ráðleggingar. Einn segir „Ég hef öðlast meiri skilning á fræðilegu hugmyndafræðinni í námi barna og betri skilning á eigin kennslu og starfi með börnunum“.

Langflestir nemendur telja að námið hafa haft áhrif á leikskólastarfið þar sem þeir starfa eins og sést á mynd 16.

Mynd 16

Telur þú (nemandi) námið hafa haft áhrif á leikskólastarfið þar sem þú starfar?



Sem dæmi um þetta nefna þeir að mörg verkefnanna séu unnin á vettvangi sem gefi hugmyndir um fjölbreytta kennsluhætti. Einnig að námið hafi áhrif í tengslum við hvernig þeir móti starf deildarinnar sem smitast yfir á aðrar deildir. Einn nefnir að hafa fengið verkfæri úr náminu sem betrubæti starfið á deildinni.

Nemandi nefnir að hafa öðlast allt annað og jákvæðara viðhorf til tví- og fjöltyngdra barna og mikilvægi þess að börn fái móðurmáls- og íslenskukennslu. Nemendur eru meðvitaðri um gildi frjálsa leiksins og að hvert barn fái að njóta sín í skapandi verkefnum. Talað er um að skráningar og eftirfylgni hafi aukist í tengslum við börn sem annars hefðu ekki fengið eftirfylgni eða aukalega tíma með kennara sem stuðning í leik.

Aukið sjálfstraust er talið skila sér inn í starfið, nemandi segir „Ég fann fljótt hvernig viðhorf mitt breyttist og ég fann hvernig ég efl-dist í faglegu starfi, aukið sjálfstraust og meiri starfsánægja“.

Tilvitnun frá nemanda


„Að geta miðlað upplýsingum og því sem ég lærði í rauntíma og jafnóðum, yfirfæra strax í starfið hafði mikið að segja. Það hefur verið sagt að aldrei hafi skilað sér jafn mikið í starfið svo þétt hjá þeim sem hafa farið aðra leið í náminu, svo þetta er virkilega góð leið.“

Þrátt fyrir að flest opnu svörin frá nemendum séu jákvæð kemur líka fram að það sé talsvert álag á leikskólastarfið þegar starfsmaður er í skólanum þar sem ekki komi inn afleysing og þá vanti starfsfólk á deildina. Einn nefnir að sumum starfsmönnum hafi þótt íþyngjandi þegar hann var að framkvæma verkefni með börnum, þar sem verkefnin væru ekki í takt við það sem væri að gerast í leikskólanum hverju sinni.

Leikskólastjórar voru einnig spurðir hvort þeir teldu að námið hefði haft áhrif á leikskólastarfið og á mynd 17 má sjá að langflestir þeirra telja að svo sé.

Mynd 17

Telur þú (leikskólastjóri) að námið hafi haft áhrif á leikskólastarfið?



Leikskólastjórar telja meðal annars að þekking nemenda skili sér inn í starfið með aukinni fagmennsku og að þeir séu góðar fyrirmyndir fyrir annað starfsfólk. Nemendur prófi nýja hluti sem skili sér í starfið, tengi fræði við daglegt starf, eigi auðveldara með að rökstyðja starfshætti og komi inn með nýja strauma.

Einn nefnir að það komi alltaf fagþekking með námi og segir „við sjáum að hún er að koma miklu sterkari og öruggari inn í starfið“. Nemendur eru að nota nýja þekkingu í starfi, koma fram með nýjungar og hafa að mati leikskólastjóra meiri áhuga á að þróa sig innan leikskólans. Þeir taka á sig meiri ábyrgð og starfsöryggi og starfsánægja eykst. Aukin þekking á faginu eykur gæði starfsins í leikskólanum og styður við deildarstjóra sem fær inn öflugra starfsfólk. Starfsfólkið eflist bæði í daglegum verkefnum í starfi og í fagtengdri samræðu þar sem námskeiðin eru talin hagnýt.


Leikskólastjórar nefna einnig neikvæð áhrif á leikskólann vegna fjarveru nemenda frá vinnu til að stunda námið. Einn þeirra telur að með góðu skipulagi hafi nemandi náð að lágmarka þau áhrif. Streitan við mætingarskyldu geri námið erfiðara og fólk sé með samviskubit á öllum vígstöðvum.

Einn leikskólastjóri telur sig ekki merkja að námið hafi haft sýnileg áhrif á starf nemandans í leikskólanum og áhugi á leikskólastarfinu virðist ekki hafa vaxið.

Á mynd 18 má sjá að nánast allir leikskólastjórar telja miklar líkur á því að þeir hvetji starfsfólk sitt til að sækja um Fagháskólanámið þegar það býðst haustið 2026.

Mynd 18

Hversu miklar eða litlar líkur eru á því að þú hvetjir starfsfólk þitt til að sækja um Fagháskólanám þegar það býðst?



Tilvitnun frá leikskólastjóra

„Námskeiðin eru hagnýt og skila sér beint inn á gólf í leikskólanum.“


Tengiliður sveitarfélags nefnir að áhugi fyrir þróunarverkefnum hafi aukist í þeim leikskólum þar sem nemendur eru. Annar telur að starfsmenn sem eru í náminu hafi jákvæð áhrif á starfið í leikskólanum og á samstarfsfólkið sitt.

3.5 Ábendingar varðandi námsleiðina

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri varðandi Fagháskólanámið sem gott væri að hafa í huga við þróun námsleiðarinnar í framtíðinni. Ýmsar ábendingar komu fram í opnum svörum og þær helstu eru nefndar hér í samantekt á mynd 19.

Mynd 19

Samantekt ábendinga frá öllum þátttakendum í könnuninni



Ábendingar nemenda sneru meðal annars að fyrirkomulagi í Uglu, að þær tali betur saman og nefnt að mögulega væri betra að hafa námið í einum skóla. Talið er betra að hefja námið fyrir að hausti sem gæti minnkað álagstíma í lok nóvember og byrjun desember. Þar sem flestir nemendur eru í fullri vinnu og eiga fjölskyldur þá er talið gott að huga að námsefninu og stórum verkefnum, samræma og passa upp á álag. Til dæmis var fag á fyrstu önninni krefjandi og því mælt með að hafa einungis tvo áfanga í upphafi. Opna mætti fyrir verkefni svo að hægt sé að vinna fram í tímann ef það er mögulegt. Fyrirkomulag varðandi umræðuhópa hugnast nemanda vel en hann telur samt sem áður óþarflega mikinn tími fara í endurtekningar og hefði frekar viljað meiri fræðslu eða erindi frá kennurum. Gæta þarf að því að áfangar henti sérstaklega fyrir leikskólastigið og sumum nemendum finnst of mikið námsefni á ensku. Nemandi nefnir að hann myndi gjarnan vilja sleppa prófum eða hafa val um að taka munnlegt eða skriflegt próf. Innritunarmál fyrir næsta skólaár þurfa að vera skýr t.d. í tengslum við hvaða áföngum hefur verið lokið miðað við almennt nám. Erfitt er fyrir nemendur að vita ekki hvað þeir eru búnir með og hvað verði metið í háskólanum sem þeir velja. Ábendingar annarra þátttakenda, leikskólastjóra, tengiliða og verkefnastjóra voru meðal annars að taka þurfi tillit til leikskólans þegar kemur að fjarnámi þar sem oft sé um mikla fjarveru frá vinnu að ræða. Það getur verið krefjandi að hafa námið á virkum vinnutíma þegar fleiri en einn sækja námið á hverjum starfsstað. Námsleiðin er talið frábært framtak og mikilvægt að fá meiri reynslu af henni og halda áfram að meta eftir lengri tíma. Gott er að allar mikilvægar tímasetningar í tengslum við námskeið, staðlotur og verkefni liggi fyrir frá upphafi til að auðvelda allt skipulag. Leikskólastjórar vilja gjarnan fá nánari upplýsingar um námið til að geta veitt nemendum sem mestan

stuðning. Nemendur þurfa líka að fá tækifæri á sínum vinnustað til að segja frá því sem þeir eru að gera í náminu. Nefnt er að taka mætti inn nema á hverju ári og vera með sterkari auglýsingaherferð. Hafa þarf í huga að nemendur hafi aðgengi að tölvuaðstoð þar sem það getur verið vandkvæðum bundið að tengjast í gegnum fjarfundarbúnað þegar skipta þarf á milli kerfa. Að mati verkefnastjóra námsleiðarinnar eru leikskólastjórar lykilaðilar að velgengni verkefnisins, þar sem þeir þurfa að vera jákvæðir og tilbúnir að styðja við nemendur þ.e. starfsfólk sitt. Hvetja þarf fólk til þess að fara í námið á eigin forsendum og að upplýsingaflæði sé gott á milli leikskólastjóra og nemanda.

Nemendur fengu tækifæri til að nefna hvort eitthvað hefði komið þeim á óvart í náminu og yfirlit um það helsta má sjá á mynd 20.

Mynd 20

Yfirlit um það sem kom nemendum helst á óvart

Hvað það er skemmtilegt Kom sjálfri mér helst á óvart Mjög skemmtilegt og fræðandi Það er alltaf hægt að læra meira Ég er stolt að hafa lokið þessu	Hve mikið ég vissi Fékk staðfest að ég væri að gera rétt Margt common sense, annað áhugavert Að ég gæti staðið mig vel í háskólanámi, aldrei hélt ég að ég myndi mennta mig á háskólastigi Kom mér á óvart hvað mér gekk vel
Meiri vinna en ég hélt Minna mál en ég bjóst við Mikil vinna meðfram vinnu og heimili Hversu illa uglurnar tala saman Mikið að lesa Námsgögn á ensku Hversu fjölbreytt námskeiðin voru	Hversu mikið kennararnir voru hér fyrir okkur, vel gert! Kennararnir yndislegir, skilningsríkir og þolinmóðir Hversu mikinn stuðning og skilning maður fékk frá verkefnastjórum og kennurum, alveg til fyrirmyndar

Kom á óvart

Tilvitnun frá nemanda

„Virkilega áhugavert, fjölbreytt og skemmtilegt nám.“

4. LOKAORÐ

Niðurstöður úr könnuninni gefa til kynna mikla ánægju með Fagháskólanámið þegar á heildina er litið. Leikskólastjórar virðast vera lykilaðilar þar sem þeir þurfa að láta vinnustaðinn ganga í fjarveru nemenda og sýna stuðning í verki, ekki síst þar sem stuðningur sveitarfélaga eða rekstraraðila virðist misjafn. Mikilvægt er að allar upplýsingar varðandi fyrirkomulag náms og í hverju stuðningur felst liggi fyrir frá upphafi.

Nemendur þurfa að sinna náminu í gegnum tvo háskóla og þar af leiðandi tvö tölvukerfi (Uglur og Canvas) enda námsleiðin samstarfsverkefni tveggja háskóla. Í svörum nemenda kom fram að þeim fyndist fyrirkomulagið flókið. Það er því mikilvægt að skoða tæknimálin betur og leita lausna.

Langflestir sem tóku þátt í könnuninni telja að námið hafi jákvæð áhrif inn í starfsemi leikskólanna með aukinni fagmennsku sem smiti svo út frá sér. Faglegri vinnubrögð virðist skila sér strax í starfinu og hafa jákvæð áhrif, jafnvel þó að starfsfólk haldi ekki áfram námi. Þar sem skortur á fagmenntuðu starfsfólki hefur um árabil verið mikið áhyggjuefni í leikskólum þá er hvert skref í átt að aukinni fagmennsku og faglegri vinnubrögðum mikilvægt.

Neikvæð áhrif tengjast álagi á vinnustað og á aðra starfsmenn vegna fjarveru nemenda á meðan á námi þeirra stendur, skorti á afleysingu inn í leikskólana og álagi á nemendur sjálfa sem eru margir í fullu starfi samhliða náminu. Samræmi er á milli svara nemenda og leikskólastjóra varðandi stuðning frá leikskólastjórum og þeir taldir standa sig vel við að styðja við nemendur. Stuðningur sveitarfélaga/rekstraraðila er misjafn og engin afleysing kemur inn í leikskóla vegna fjarveru nemenda.

Í opnum svörum kom fram að nemendur kunnu vel að meta þann stuðning sem þeir fundu fyrir í náminu bæði frá kennurum námsleiðarinnar og verkefnastjórum. Það kom mörgum á óvart hversu skemmtilegt og fræðandi námið var og þeir sem útskrifuðust í vor fundu til stolts. Einhverjum fannst koma sér á óvart hversu mikið álag var í náminu samhliða starfi og námið mikil vinna. Flestir nemendanna telja mjög miklar eða frekar miklar líkur á að þeir haldi áfram í leikskólakennaranámi sem gefur vísbendingar um að þeir íhugi þann möguleika í framhaldinu. Áhugavert verður að skoða þegar fram líður hversu margir þeirra sem ljúka námsleiðinni halda áfram í leikskólakennaranámi. Mikilvægt er að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna innan leikskóla og auka líkur á að starfsfólk með langa starfsreynslu sækir sér menntun. Fagháskólanámið byggir á því að stuðningur sveitarfélaga liggi fyrir og mikilvægt að þróa áfram farsælar leiðir til samstarfs allra hagsmunaaðila.

Niðurstöður úr könnuninni sýna fram á að námsleiðin hefur jákvæð áhrif á faglegt starf leikskóla og verður vonandi til þess að fagmenntuðu fólki með þekkingu á kennslu og námi ungra barna fjölgi.

5. HEIMILDIR

Háskóli Íslands. (e.d.) *Fagháskólanám í leikskólafræði*.

https://hi.is/faghaskolanam_i_leikskolafraedi_grunndiploma

Posit team (2025). *RStudio: Integrated Development Environment for R*. Posit

Software, PBC, Boston, MA. <http://www.posit.co/>

Stjórnarráð Íslands (2022, 6. október). *Viljayfirlýsing um fagháskólanám í*

leikskólafræðum undirrituð. [https://www.stjornarradid.is/efst-a-](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/06/Viljayfirlýsing-um-faghaskolanam-i-leikskolafraedum-undirritud/)

[baugi/frettir/stok-frett/2022/10/06/Viljayfirlýsing-um-faghaskolanam-i-leikskolafraedum-undirritud/](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/06/Viljayfirlýsing-um-faghaskolanam-i-leikskolafraedum-undirritud/)

Fundur um mat og þróun Fagháskólanáms í leikskólafræði á landsvísu, fundargerð

12. ágúst 2025, kl. 9.30-16.00

Í Háskóla Íslands, stofu N 130 í Öskju

Stjórn námsleiðarinnar og kennarar, frá fyrra og seinna námsári, verkefnisstjórar og matsaðili frá Menntavísindastofnun sátu fundinn.

Þátttaka allan daginn: Kristín Jónsdóttir HÍ, Guðmundur Engilbertsson HA, Rannveig Oddsdóttir HA, Heiða Kristín Jónsdóttir HA, Sólveig Zophoníasdóttir HA, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir HÍ, Anna Gréta Guðmundsdóttir HÍ, Helga Rut Guðmundsdóttir HÍ, Bryndís Gunnarsdóttir HÍ, Anna Bjarnadóttir HÍ. Þátttaka hluta dags: Alda Stefánsdóttir HA, Bryndís Garðarsdóttir HÍ, Védís Grönvold HÍ, Svava Björg Mörk HÍ, Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir HÍ, Sara Margrét Ólafsdóttir HÍ, Ingibjörg Jónsdóttir Kolka HÍ.

Fundarritari: Anna Bjarnadóttir, fundarstjóri: Kristín Jónsdóttir

1 ANNA BJARNADÓTTIR KYNNTI HELSTU NIÐURSTÖÐUR MATSSKÝRSLU MENNTAVÍSINDASTOFNUNAR.

Sjá meðfylgjandi glærur.

2 UMRÆÐUR STJÓRNAR OG KENNARA UM KYNNINGU Á NIÐURSTÖÐUM.

1. Hvað greip ykkur sem jákvæður þáttur, að mati þátttakenda?
2. Hvaða gagnrýni á verkefnið þurfum við helst að ræða?
3. Fjarkennsla og staðlotur, hvað þarf að athuga í skipulagi?
4. Kennslan, hvaða lærdóm má draga fram fyrir kennara?
5. Annað: Mismunur á stuðningi sveitarfélaga, fleira?

1. Hvað greip ykkur sem jákvæður þáttur, að mati þátttakenda?

- Skiptir miklu máli fyrir nemendur að fá tækifæri til að mennta sig, eru þakklát og námið hefur skilað miklu.
- Skipulag og það sem við höfum hugsað endurspeglast í svörum. Fólk hefur vaxið í verkum sínum.
- Aukið sjálfstraust og starfsþróun samhliða starfi.
- Skipulagið ½ nám – hæfilegra álag sem skilar sér vonandi betur.
- Aukið sjálfstraust – fólk eflist og fær trú á sér, gríðarleg valdefling.
- Góð tenging í hópnum, betra að halda utan um hópinn.
- Tækifæri til náms, áhrif á starfið, hvernig það skilar sér.
- Mest gefandi eru samskipti við nemendur. Þau voru að vinna í sköpun og samþættingu verkleg verkefni, sá vel hvað þau skildu þetta vel, fatta þessa hugsun, börn eiga að hafa áhrif á það sem þau gera o.s.frv.
- Að þau töldu þetta skila sér vel inn í starfið og jafnóðum

Jákvæðir þættir framhald

- Mikill áhugi, gleði að kenna þeim.
- Töluðu um að námið skilar sér beint í starfið, fundu hvað þetta hafði áhrif á hvernig þau höfðu samskipti við foreldra.
- Skilar sér í starfið hjá fólki sem er á vettvangi.
- Aukin fagmennska, sem bæði nemendur og stjórnendur nefndu.
- Fagmennska og fræði, sem skilar sér á vettvang. Tenging við fræðin.
- Fagmenn, fá að styrkja sig í starfið, mikil þróun, fræðimennskan kom inn eftir hvert verkefni. Tækifæri sem skilar sér á vettvang.
- Stolt, þakklæti og lærdómssamfélag.
- Nemendur jákvæðir í garð námsins og með þann stuðning sem þeir hafa fengið.
- Stór hópur sem sér fyrir sér að halda áfram í náminu er jákvætt.
- Sjá ánægju leikskólastjóra, sem styðja sitt fólk og skapa rými og taka með okkur á þessu. Leikskólastjórar miklir hliðverðir og lykilpersónur.

2. Hvaða gagnrýni á verkefnið þurfum við helst að ræða?



- Mismunandi stuðningur sveitarfélagana við nemendur í sínu sveitarfélagi – tímabært að taka umræðu við KÍ um þetta mál.
- Flækja með tvö kerfi, tvær Uglur, HÍ og HA. Óþarfi að þetta þurfi að þvælast fyrir.
- Tæknimálin, ætti að vera hægt að laga.
- Dagsetningar á hreinu, var eitthvað sem þarf að skoða þar.
- Farið yfir sama efni, skörun og endurtekning á námsefni.
- Námsefni tengist leikskólafræði, upplýsingaflæðið (t.d. gætu nemendur kynnt námið inná vinnustaðnum)
- Fólk þarf að bera ábyrgð (t.d. varðandi upplýsingaflæðið).
- Gerir ekkert til að fara út fyrir leikskólastigið (námskeið), leyfisbréfið gildir fyrir fleiri skólastig.
- Kennarar meðvitaðar og viti um hvað verkefnið snýst.
- Deila með öðrum kennurum skilafresti – of stór verkefni á sama tíma.
- Erfitt að aðrir væru að vinna störfin þeirra, álag á aðra meðan þau mæta í námið. Samviskubit.

12.8.2025

Anna Bjarnadóttir og Ólóf Ragna Einaradóttir

32

Gagnrýni framhald



- Námskeið skarast eða endurtekning á efni. Allt í lagi að skoða en svo er líka í lagi að hlutir skarist, lesa lesefni á annan hátt.
- Upplýsingar til leikskólastjóra, eru það nemendur, kennarar, á líka að gera það í grunnnáminu, hversu miklar upplýsingar eru leikskólastjórar að tala um?
- Einkunnir – nánast allir með ágætiseinkunn, þurfa nemendur að vera með lágmarkseinkunn til að vera með í grunnnáminu? Sambærilegar kröfur
- Hugmyndir um fjarnám, hvað þýðir það að vera í fjarnámi. Hugmynd margra óljós, að fólk þurfi ekkert að mæta.
- Er oft langur þráður til stjórnenda, mentora kerfi, nemendur gætu kannski fengið mentor í skólanum.
- Undirbúningstímar, hluti af því er starfsþróun, sjálfsagt að nota það í námið líka. Vinnustyttingu líka hægt að nota í námið.
- Endurtekning í námskeiðum, má kannski vera rauðari þráður í gegnum námið, þematengt. Meiri samfella í náminu.
- Upplýsingagjöf, getum tekið undir það að það megi skýra betur ýmislegt í sambandi við innritun eftir að fagháskólanámi líkur.
- Leikskólastjórar ánægðir með námið en er samt áskorun.

12.8.2025

Anna Bjarnadóttir og Ólóf Ragna Einaradóttir

33

4. Kennslan, hvaða lærdóm má draga fram fyrir kennara?



Skoða einkunnir – sambærileg námskeið. Hvort haldið þið að meðaleinkunnir séu hærri í fagháskólanámi eða Bed námi. Meðaleinkunnir eru hærri í fagháskólanáminu, er það eðlilegt?

Vangaveltur:

Nemendur ánægð að komast inn, gæti skýrt það að einhverju marki. Betri mæting, samvisskusamir, taka fyrstu skref og fólk sem ætlar sér virkilega. Hafa mikla starfsreynslu en ekki stúdentspróf.

Hversu mikill munur?

Einkunnir og árangur, er hópur sem hefur starfað lengur, er ef til vill meira menntaður á þessu sviði í gegnum reynslu.

Líka, verkefnum aðeins breytt, eru meira verkleg, nátengd inn í starfið, eru ekki alveg eins og þá veltir maður fyrir sér hvort það sé þá annars konar kröfur en á hinn hópinn.

Stuðningur stuðlar að árangri, getur það verið, fá mikinn stuðning.

Getum lært af fagháskólanámi, getum sett það meira inn í námið almennt, eru margir nemar starfandi.

Mjög áhugasamur hópur, áberandi munur að þessu leiti.

Fagháskólanámið hentar kannski betur fólki í vinnu, í Bed námi er fólk að gera allt í einu, fer hraðar yfir og ætlar sér of mikið.

Kennslufræðin farin að hafa áhrif á báða bóga.

Skipulagið og stuðningur hefur áhrif.

Var oftast með fagháskólanemið – kemur miklu betur út að hitta fólk í hverri viku, tók eftir að hópurinn var öðruvísi, nokkrir leiðtogar sem smita út frá sér. Hvati, getið prófað þetta og hitt – hinn hópurinn (Bed. vill að það sé sagt þú verður að segja okkur hvað við eigum að gera).

Mættu alltaf allir, aldrei beðið um frest, þakklæti, áhugi, minna álag (1/2 nám), hópur sem vill fara í námið – þakklátur fyrir tækifærið. Margir skiluðu löngu fyrir fram.

12.8.2025

Anna Bjarnadóttir og Ólóf Ragna Einarsdóttir

35

3. Fjarkennsla og staðlotur, hvað þarf að athuga í skipulagi?



- Tæknimálin, Uglur tvær
- Staðlotur mikilvægar
- Annað þegar komið fram

5. Annað: Mismunur á stuðningi sveitarfélaga, fleira?



- Mismunur á stuðningi veldur óánægju, jafnvel vanlíðan
- Ræða við sveitarfélög og KÍ – eða er þetta ekki okkar mál?
- Annað þegar komið fram

3 TVÍSKIPTUR FUNDUR EFTIR HÁDEGI, ANNARS VEGAR FUNDUR STJÓRNAR OG HINS VEGAR KENNARA.

3.1 UMRÆÐUR Á FUNDI STJÓRNAR:

- **Skipulag:** framkomið í morgun.
- **Samstarf við sveitarfélög og leikskóla:** Ósamræmi varðandi stuðning skapar ákveðna togstreitu. Mikilvægt að fá sveitarfélög með okkur í lið, koma á framfæri hvatningu til sveitarfélaga. Er mikill munur á því hvernig sveitarfélög styrkja? Umræða og samanburður kemur upp í nemendahópnum eins og í öðrum námsleiðum. Er hægt að skapa betri skilyrði? Sveitarfélög þurfa að taka ákvörðun um að taka þátt og ef til vill gera samning um að styðja nemendur (sambærilegan við þann sem gerður er við nemendur í grunnnámi).

Vegna misræmis á túlkun samnings um stuðning var bætt inn í samstarfssamninginn að sveitarfélögin myndu styðja nemendur til að stunda nám á **virikum vinnutíma** án skerðingar launa.

Margir úr þessum hópi eiga ekki annan kost en þennan til að komast í nám. Aðrir sem hafa stúdentsprófa hafa annan kost.

Það er bagalegt fyrir sveitarfélögin að missa starfsmenn úr starfi og þetta er leið til að fjölga í leikskólakennaranámi. Fagháskólanámið er góð leið fyrir fólk á miðjum aldri sem ekki er í aðstöðu til að fara í langskólanám en getur styrkt sig í starfi á þennan hátt.

Hvetja þarf sveitarfélögin til samtals, finnst þeim í lagi að vera ólík?

Umræða um að flestir sem haldast í starfi eru þeir sem eru menntaðir, hægt að sjá tölur varðandi þetta á vef hagstofunnar. Sjá upplýsingar um brottfall starfsfólks við uppeldi og menntun eftir menntun 1998-2023:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_1_IsStarfsfolk/SKO01311.px/table/tableViewLayout2/

Mikilvægt að hafa kynningarfund á fagháskólanáminu og bjóða bæði fulltrúum sveitarfélaga og Kennarasambandsins.

Kynna einnig sérstaklega fyrir leikskólastjórum (Félag stjórnenda í leikskólum) þar sem þeir eru lykilaðilar í að hvetja starfsfólk til að sækja um í námið og styðja við þá.

Skoða viljayfirlýsingu frá 2022, minna á hana, hverjir skrifuðu undir og hver voru markmiðin. Hafa markmið náðst?

Sjá hlekk í frétt frá undirskriftinni 2022 á vef Stjórnarráðs Íslands:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/06/Viljayfirlysing-um-faghaskolanam-i-leikskolafraedum-undirritud/>

Sjá hlekk í frétt á vef Háskóla Íslands:

<https://hi.is/frettir/viljayfirlysing-undirritud-um-faghaskolanam-i-leikskolafraedum>

Sjá hlekk í frétt á vef Háskólans á Akureyri

<https://www.unak.is/is/samfelagid/frettasafn/frettir/viljayfirlysing-undirritud-um-faghaskolanam-i-leikskolafraedum>

Hugmynd kom fram um að fá þá nemendur sem fóru í upphafi í gegnum sambærilega námsleið (Suðurland og Keilir) til að taka þátt í auglýsingaherferð, til dæmis er aðili að klára Masterspróf eftir að hafa byrjað í fagháskólanáminu á sínum tíma.

- **Samstarf háskóla:** Halda á lofti hugmyndum þróun tæknilausna til þess að þróa áfram samstarfsmöguleika sem bætir háskólanám. Mörg hliðaráhrif af samstarfi á milli háskóla og þar mega tæknimálin ekki vera hindrun. Mikilvægt að halda uppi samtali á milli aðila.

Umræður um námsferil, Heiða hjá HA flytur diplómuna í heild yfir á B.Ed. ferilinn, og þar kemur fram þessi 60 eininga pakki, námskeiðsheit, einingafjöldi og við hvorn skólann námskeiðin voru tekin. Í HÍ er námið skráð sem metið annað nám við HA og 30 einingar inn í ferilinn.

Mikilvægt er talið að nemandi geti séð hvaða námskeið eru undir einingafjölda, ekki bara samansafn af einingum. Þetta er hluti af því að þróa samstarfið. Mikilvægt að hafa samræmi á milli háskólanna og að nemandinn sjái að námsleiðin sé heildstætt nám á ferlinum.

Hugmynd um fyrirkomulag, t.d. innritun á einum stað, verkefnastjóri á öðrum og kennsla á báðum stöðum. Kom fram í umræðum hópsins að það skapi skemmtilega dýnamík að vera í þessu samstarfi, tækifæri til þróunar, auðveldar mat á milli skólanna. Ef innritun færi eingöngu fram í öðrum skólanum væri þetta samt sameiginlegt nám? Kerfið gerir alla umsýslu flókna og betra væri að reyna að bæta kerfið, þróa samstarfið og bæta hnökra.

Fjármögnun: Kennslan og reiknilíkanið. Skipting varðandi nemendur er landfræðileg, spurning hvort það eigi að vera það áfram. 75% af nemendum á seinna árinu eru af höfuðborgarsvæðinu.

- **Verkefnastjórn:** Hvernig verður útfærslan í framhaldinu? Talið er mikilvægt að einhver beri ábyrgð á hópnum sbr. verkefnastjóri. Komið ákveðið orðspor á námsleiðina um að vel sé haldið utan um nemendur og mikill stuðningur frá verkefnastjórum. Allir sammála um að halda áfram með sérstaka verkefnastjórn að minnsta kosti í hlutastarfi. Mikilvægt að byrja að vekja áhuga á náminu strax t.d. hvetja leikskólastjóra til að senda fólkið sitt í leikskólabró/leikskólaliða til að eiga möguleika á að komast í fagháskólanámið, geta þá undirbúið sig. Heilt ár í að boðið verði upp á námið næst, sumir gætu einnig þurft að fara í framhaldsskólaraunfærnimat.
- **Tæknimál:** Gekk ekki eftir að gera einn sameiginlegan aðgang í UGLU. Hugmynd að útbúa einhverja millileið, síða með CANVAS vef sem mögulega væri hægt að fara beint inn á án þess að skrá sig inn í UGLU. Vantar einhverja hugmynd að lausnum, fá fleiri að borðinu til að leysa vandamálið. Heilt ár til stefnu til að reyna að leysa tæknimálin.

Tillaga í stjórn: Halda námsleiðinni áfram í nánú samstarfi, ekki góður kostur að færa þetta kerfislæga bara í annan skólann heldur flétta frekar saman.

Tillaga í stjórn: Sækja um að áframhaldandi styrk til að halda þessu verkefni áfram, í það minnsta til að greiða verkefnisstjóra til að sinna verkefninu í hlutastarfi. Fjögurra – fimm ár. Gera samning um fjármögnun þar til mönnun í leikskólum er komin í betra stand.

Framtíðarsýn: Áframhaldandi þróun verkefnisins getur verið að leggja áherslu á erlenda starfsmenn sem vilji mennta sig.

3.2 UMRÆÐUR Á FUNDI KENNARA:

Umræðuefni meðal annars þróun kennslu og samstilling milli námskeiða fyrir haustið 2025 og vor 2026 ásamt tillögum að breytingum á lýsingum í kennsluskrá fyrir haustið 2026.

- Er munur á kröfum til grunnskólanema miðað við fagháskólanámsnema? Hópurinn er sammála um að ekki eru gerðar minni kröfur, verkefni eru ef til vill aðlöguð að þessum hópi án þess að minnka kröfur. Þarf að valdefla og styðja án þess að slá af kröfunum. Námskeið yngstu börnin metið sem sama námskeið í grunnnámi, má ekki muna miklu í tengslum við kröfur – hópurinn ætlar að skoða þetta í framhaldinu.
- Nemendahópurinn er einstakur, mögulega skemmtilegasti hópur sem einn af kennurum hefur kennt.
- Helga Rut sagði frá jafningjamati sem hún notar og ætlar að deila matskvarða.
- Einstaklingsverkefni eða hópverkefni, kostir og gallar við bæði, best er sambland af báðum möguleikum, þannig að þeir sem fljóta alltaf með þurfi að sína fram á að þeir geti unnið einir. 50% hópverkefni og 50% einstaklingsverkefni er gott fyrirkomulag.
- Próf í faginu *Yngstu börnin* í fagháskólanáminu. Núna er fyrirkomulagið verkefni en ekki próf. Má breyta námskeiði sem er að byrja í haust ef kennsluskrá er enn opin? Fer eftir því í hverju breytingin er falin. Ekki talið of seint að breyta námsmati úr verkefni í próf þar sem breytingin er líka í grunnnáminu og eðlilegt samræmi á milli hópa. Rætt um prófatími í HÍ sem er búinn áður en fagháskólanámið endar.
- Stöndum fyrir ákveðnum vanda í sambandi við gervigreind, þurfum að treysta að nemendur séu að gera sjálfir og fjölbreytt námsmat er best.
- Rætt að halda fund um verkefnaskil þvert á fög til að minnka líkur á að stór verkefni raðist upp á sama tíma. Ósjálfrátt raðast stór verkefni á seinni part annar en leitast við að hafa samtal um verkefnaskil og dreifa álagi eins og mögulegt er.
- Ástæða til að ræða námskeiðið náttúrufræði og stærðfræði. Kannski hægt að endurskoða innihald verkefna. kennarar ef til vill ekki nægilega upplýstir eða meðvitaðir um hópinn.

Tveir helstu umræðupunktur eftir fundinn um kennslu eru þessir:

- **Ef námsmati er breytt í grunnnámi þá er það líka gert í fagháskólanámi.**
- **Umræður um verkefnaskil á hvorri önn, samstarf og samtal.**

4 SAMANTEKT FUNDAR OG FRAMHALDIÐ

Lokaskýrsla þróunarverkefnis

Hvað er mikilvægast að komi fram, lyfta því sem vel er gert. Mikil ánægja með námið sem er viðbótarmenntun inn í starfið sem annars myndi ekki koma inn. Hefur strax áhrif á faglegt starf þó svo að starfsmaður láti staðar numið og haldi ekki áfram í leikskólakennaranám. Báðar matsskýrslur verða með í lokaskýrslu sem viðhengi.

Ályktanir til stjórnenda innan háskóla um framhald, breytingar, árangur og væntingar

Samstarfið er gríðarlega mikilvægt og við viljum halda því áfram.

Framtíðarsýnin er að draga fram nýjan markhóp t.d. erlenda starfsmenn. Ein staðlota og fastir morgnar hafa gefið mjög góða raun.

Árangurinn er gríðarlega góður.

Væntingar okkar eru að halda áfram með fagháskólanámið í samstarfi, þróa áfram fyrir aðra markhópa. Svona verkefni stuðlar jafnframt að þróun kennsluhátta, er lærdómssamfélag þar sem að við lærum af því að kynnast nýjum kennurum.

Fyrir kennaramenntun er því æskilegt að vera með samstarfsverkefni á milli Háskóla. Væntingar um að þetta verkefni haldi sessi.

Væri gott að kynna námsleiðina til þeirra sem eru í leikskólaliðanámi, það væri gott orðspor fyrir námið. Hvernig er best að gera það?

Hvati að kynna þannig beint til leikskólastarfsfólks það fréttir þá af möguleikanum sérstaklega ef leikskólastjórar eða sveitarfélög kynna hann ekki fyrir sínu fólki. Getur myndað þrýsting.

Inntaka næsta haust (2026), áhugasamir þurfa ef til vill að undirbúa sig t.d. með því að taka einingar í framhaldsskóla eða í leikskólaliðanámi því að annars þarf að bíða í tvö ár. Verkefnið styður við vettvanginn og er lærdómssamfélag.

Fagháskólanámið er dæmi um góða námsleið en ekki er þörf á að opna þessa leið fyrir öllum, frekar að tileinka okkur það sem hefur heppnast vel inn í þær leiðir sem eru til fyrir. Til dæmis væri hægt að setja fram á skýran máta í kennsluskrá B.Ed. námsins að mögulegt sé að fara rólegar í gegnum námið, jafnvel á fjórum árum í stað þriggja. Sýna fram á fleiri mögulegar námsleiðir eða uppteiknaða pakka.

Raunfærnimatið er að svara þessari þörf, þeir sem falla undir það geta farið hraðar í gegnum námið.

Mögulega er hægt að kynna hvað við höfum lært af þessu kennslufræðilega t.d. inn á deildarfundum.

Annað:

Fjárhagslegur stuðningur þarf að vera skilgreindur áður en verkefnið heldur áfram.

Tímalína varðandi framhaldið:

September 2025	Fundargerð og samantekt fundar ásamt matsskýrslu
Október 2025	Lokaskýrsla og kynning fyrir sviðum háskólanna
Nóvember 2025	Kynningarfundur fyrir verkefnið (ráðuneyti, KÍ, sveitarfélög, væntanlegir umsækjendur, leikskólaliðanemar, leikskólaliðar, starfsfólk)

Fundi slitið klukkan 16:00



Fagháskólanám í leikskólafræði

Dagsetning


Hver kynnir



HÍ



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



Markmið, ástæður og mælikvarðar

Markmið


- Fjölga leikskólakennurum á landsvísu
- Fagháskólanámi í leikskólafræði verði komið á fót og fest í sessi í öllum landshlutum

Ástæður

- Mæta þörfum samfélagsins
- Gefur fólki á öllum aldri tækifæri til nýta reynslu sína og styrkir sjálfstraust þess
- Eflir starf í leikskólum samtímis því sem starfsfólk er í náminu


Mælikvarðar

- Fagháskólanám standi til boða í öllum landshlutum
- Að árið 2025 brautskráist að lágmarki 50 úr fagháskólanámi
- Að meirihluti nemenda haldi áfram í B.Ed-nám í leikskólafræði



Inntökuskilyrði

- **Leikskólaliðanám** eða brú og að lágmarki 3ja ára starfsreynsla í leikskóla
- Samþykki sveitarfélags fyrir því að stunda námið á vinnutíma
 - Stuðningur leikskólastjóra lykilatriði
- Nemendur greiða skráningargjald í háskólanám
- Ef starfsfólk hefur **ekki** lokið leikskólaliðanámi þá gilda almennar undanþágureglur HÍ sem *er 5 ára starfsreynsla (almenn) og að lágmarki 100e úr framhaldsskóla (um 170 feiningar)*



Kennslufyrirkomulag

- 15 einingar (hálf námskeið) á hverju misseri
 - 60 einingar á tveimur árum - fyrsta árs námskeið B.Ed. náms dreifast á tvö ár
- Kennsla fer fram í rauntíma einn morgun í viku á vinnutíma á eigin vinnustað.
 - **Ein staðbundin lota í HÍ eða HA á hverju misseri – 2 dagar**
 - **12. og 13. sept. við Háskólann á Akureyri næsta haust 2024**
 - Nýr nemendahópur mun **sækja kennslustundir , fimmtudagsmorgna** á zoom
 - Að loknu fagháskólanámi uppfyllir nemandi inntökuskilyrði HA og HÍ í leikskólakennaranám og fær fagháskólanámið metið sem jafngildir heilu námsári

Samsetning námsins

Haust 2024	Ein.	Vor 2025	Ein.
Fræðilegt starf og gagnrýninn lestur	5	Hreyfing og leikræn tjáning inni og úti	10
Leikskólafræði I	5	Leikur, kenningar og leikþroski	6
Málþroski og <u>berskulæsi</u>	6		
<u>Alls</u>	16	<u>Alls</u>	16
Haust 2025		Vor 2026	
Yngstu börnin í leikskólanum	5	Tónlist í lífi ungra barna	5
Náttúruvísinda- og stærðfræðikunnátta ungra barna	6	Nám og starf með upplýsingatækni	6
Sköpun og samþætting I	3	Sköpun og samþætting II	3
<u>Alls</u>	14	<u>Alls</u>	14




Nemendur í fagháskólanám veturinn 2023 - 2024

- Í upphafi voru 60 starfsmenn leikskóla skráðir í námið
 - 38 í Háskóla Íslands
 - 22 í Háskólann á Akureyri
- Brottfall frá fyrstu skráningu er 20% sem er ívið minna en í B.Ed. námi
 - Nú eru 47 nemendur í náminu
 - Hættu vegna eigin veikinda, álags eða veikinda í fjölskyldu



Hvernig hefur nemendum gengið?


- Mættu mjög vel í kennslustundir
- Stóðu sig vel í öllum verkefnum
- Próf í leikskólafræði I reyndist sumum erfitt
- Lokaeinkunnir voru almennt mjög góðar



Reynsla nemenda

„Ég er farin að **ígrunda svo miklu meira vinnuna mína** og allt það sem gerist í leikskólanum miðað við áður fyrr. Þó að maður var búinn með leikskólaliðann, þá náttúrulega allskonar farið yfir þar, en þetta er bara miklu dýpra

Maður bara **horfir einhvern veginn með allt öðruvísi augum** á þetta heldur en maður gerði og skilur bara meira eins og t.d. í sambandi við leikinn hvað er að gerast. Eins og margir hafa alltaf nefnt þetta með þennan blessaða ærslaleik og allan þennan hamagang bara, nú er maður farinn að skilja betur að þetta hefur svo mikið að gera með þroskaferli og bara þroskann hjá krökkunum.




Reynsla nemenda, frh.

„Hef unnið á leikskóla í rúm 10 ár, er leikskólalið með stuðningi, en þetta nám hefur gefið mér **dýpri sýn og miklu meiri skilning** á okkar faglega flotta starfi sem á sér stað nú þegar og hefur kennt mér dýpri skilning á ýmsum fræðilegum þáttum starfsins. Mæli hiklaust með þessu námi“.

„Maður ígrundar það meira, er kannski komin með **faglegri sýn á hlutina**.“


„Ég er bara mjög **ánægð** að hafa drifið mig í þetta nám.“



Reynsla leikskólastjóra

„Hjá mér hefur það gengið bara súper vel og þetta er rosalega góð tímasetning þessi hálf dagur, gott að hafa þetta bara svona reglulega, þær taka þetta bara á sig svolítið deildin sko en já mér finnst það hafa bara **alltaf gengið vel** einhvern veginn.“

„Mér finnst þær sko þær voru mjög flottar fyrir, ég er ekki að segja það en þær hafa bara skilninginn á bak við það, af hverju hvað það er og mér fannst það koma mjög fljótt í ljós, það kannski var bara uppbyggingin á náminu, ég veit ekki hvaða námskeið þau voru að taka eins og á fyrstu önninni, ég veit það ekki en mér fannst þetta koma alveg bara einn tveir og tíu og þá bara eins og það hefði **kviknað á peru** bara.“



Reynsla leikskólastjóra, frh.


„Þetta er bara **frábært tækifæri** fyrir fólk að fara í svona nám þar sem að það tengir beint við starfið og þú eflist sem starfsmaður sem manneskja og ég held að við nælum okkur í betri starfsfólk og kannski **framtíðarstarfsmenn** eða ég lít á það þannig.“

„Hún er rosalega áhugasöm, mér finnst þetta gefa henni **brjálæðislega mikið sjálfstraust**, hún er miklu glaðari, hún er að nota **fagorð** eins og bernskulæsi, sjálfsprottinn leikur ... hún er að tileinka sér þessi orð og hún er að **spegla það** sem hún lærir og það sem hún sér þannig að mér finnst þetta hafa mjög mikil áhrif á mína konu.“

Reynsla leikskólastjóra, frh.

„Mér finnst algjörlega frábært að fara af stað með þetta án þess að gefa afslátt af náminu. Og við erum að horfa á grunninn sem að starfsmenn hafa og við bara þurfum á því að halda til að bara við þurfum að **stækka stéttina** okkar og við verðum að leita allra leiða og þannig að mér finnst þetta bara, **þið fáið 100 stig.**“

„Það styrkti þær svona, þær fengu grunn til þess að hafa ennþá meiri faglegar forsendur í umræðum sem eru á mjög góðum nótum en þær bara, **blómstruðu**, þær stækkuðu í starfinu og mér fannst mjög gaman að sjá bara eins og þær sögðu já við vitum að leikurinn er merkilegur og er það sem börn læra en við vitum það bara ennþá betur núna, rök og rannsóknir, vitum forsendur þannig að það kom mjög sterkt fram hvað það efldi þær í að bara sjá, maður bara sá þær bara **stækka faglega.**“



Hvað fannst kennurum?

Áhugasamur og
metnaðarfullur
hópur


Jákvæð, mættu vel,
lögðu sig fram, unnu
vel í öllum
verkefnum.

Mjög þakklátur
hópur

Samtalið
mikilvægt

Nýta sér
ábendingar úr
fyrri verkefnum
yfir í þau næstu

Hefðu viljað hafa meiri
tíma með þeim en ætla
að bregðast við því með
að skipta hópnum meira
upp á milli tveggja
kennara



Næstu skref

- Kynningarfundur fyrir áhugasamt starfsfólk sem uppfyllir inntökuskilyrði
- Starfsmaður fær leyfi hjá leikskólastjóra og SFS til þess að sækja um námið
- Umsóknargáttin er lokuð, en starfsmenn sem ætla að sækja um **fá hlekk að gáttinni í tölvupósti**
- Umsækjendur þurfa að skila inn:
 - **starfsvottorði** sem staðfestir að þeir hafi starfað í leikskóla í a.m.k. þrjú ár
 - útskriftarskírteini (eða yfirliti um einingar) – frumrit á Nemendaskrá á Háskólatorgi eða sent beint í tölvupósti frá skóla til Nemendaskrár

Samningur

Málsnúmer: HI22120037

1. Inngangur

Aðilar samnings eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039, Háskólans á Akureyri (HA), kt. 520687-1229, og Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609.

Samningur þessi er tímabundinn og gildir út skólaárin 2023-24 og 2024-2025. Heimilt er að gera breytingar á samningnum á samningstímanum með samþykki samningsaðila.


2. Gildissvið samnings

Aðilar samningsins áforma að styðja við þá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem samþykktir eru í Fagháskólanám í leikskólafræði við HÍ eða HA. Starfsmaður leikskóla hefur með því heimild síns vinnuveitanda til að stunda námið á vinnutíma sínum sem nemur fjórum klst. á viku auk þess að mæta í eina eða tvær lotur á misseri á meðan á námstíma stendur.

3. Markmið og hlutverk samningsaðila

Markmið samningsins er að:

- Veita nemendum í Fagháskólanámi í leikskólafræði tækifæri á að stunda nám á vinnutíma með stuðningi síns sveitarfélags.
- Stuðla að fjölgun nemenda í leikskólafræði og fjölga menntuðum kennurum.
- Efla innra starf í leikskólum með því að tvinna saman nám og starf á vettvangi.
- Að gefa starfsfólki leikskóla sem ekki lauk framhaldsskóla tækifæri til fagháskólanáms sem getur orðið brú yfir í háskólanám.



Takk fyrir!

Frekari upplýsingar: **netfang verkefnisstjóra**